

Skipuðum málafærslumanni áfrýjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist 30 kr. í málflutningslaun úr landssjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 23. júní 1919.

Nr. 8/1919:

Lárus Fjeldsted f. h.  
O. Tynes  
gegn  
Pétri A. Ólafssyni.

D ó m u r :

O. Tynes kaupmaður á Siglufirði höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstaðar gegn Pétri A. Ólafssyni kaupm. í Reykjavík til greiðslu á leigu, kr. 4229,50, eftir bryggju, síldverkuunarpláss o. fl. á Siglufirði sumarið 1917, en með dómi uppkveðnum 31. des. f. á. vísaði gestarétturinn málinu frá sér og feldi niður málskostnaðinn.

Dómi þessum hefir Lárus Fjeldsted yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd O. Tynes skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. febr. þ. á. og krafist að dómurinn verði ómerktur, málinu vísað heim í hérað til dómsáleggingar að efni til og að áfrýjanda

verði dæmdur málskostnaður fyrir gestaréttinum og yfirdómi eftir mati réttarins. Það eru hins vegar kröfur stefnda, að dómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati dómsins.

Fyrir gestaréttinum mótmælti stefndi því, að honum væri skylt að svara þar til sakar í þessu máli og félst rétturinn á þau mótmæli. En áfrýjandi heldur því fram af annari hálfu, að lög nr 59, 10. nóv. 1905 um varnarþing í skuldamálum séu honum næg heimild til að sækja málið í þeirri þinghá, er skuldin var stofnuð í, eins og þar væri varnarþing stefnda og í því efni tekur hann fram, að O. Tynes sé búsettur borgari á Siglufirði og reki þar fasta atvinnu, sem sé skipaútgerð, framleiðsla, kaup og sala sjávarafurða, söltun á sild og leiga á söltunarplássum og bryggjum handa þeim, er veiðar stunda. Sumarið 1917 hafi hann leigt stefnda bryggju og söltunarpláss á Siglufirði, en hann eigi greitt leiguna, og þannig sé hin umstefnda skuld tilordin; sé hún vafalaust stofnuð við fasta verslun eða heimilisfasta atvinnustofnun á Siglufirði og verði stefndi því samkvæmt nefndum lögum að þola málsókn þar út af skuldinni.

Í tilvitnuðum lögum er kveðið svo á í 1. gr. að ef skuld er stofnuð við fasta verslun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hér á landi, eigi skuldheimtumaður rétt á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þeirri þinghá, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans, og síðar í greininni er þetta skýrt svo, að lög-

in nái til þeirra einna skuldaskifta, er skuldheimtumaður er kaupmaður eða hefir á annan hátt atvinnu sína af viðskiftum, svo sem eru lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir sem líkt stendur á með.

Það virðist nú af þessari upptalningu og orðalagi greinarinnar að öðru leyti auðsætt, að orðið viðskifti er þar eigi látið taka til hvers konar viðskifta, sem menn eiga saman, en aðeins til þeirra, er skylt eiga við verzlun eða kaup og sölu, sbr. »Omsætningsvirksomhed« í hinni staðfestu þýðingu laganna.

Leiguviðskifti þau, er áfrýjandi hefir átt við stefnda og að framan er lýst, geta því eigi heimfærst undir ákvæði laganna, og brast þá heimild til að sækja þetta mál fyrir gestarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar og verður eftir því að vísa því frá gestaréttinum eins og héraðsdómarinn hefir gert. Samkvæmt þessu verður að staðfesta gestaréttardóminn.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Lárus Fjeldsted fyrir hönd O. Tynes greiði stefnda Pétri A. Ólafssyni málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.